

Nd.

164. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919 [*Launalög*].

Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson, Jón A. Jónsson, Þórarinn Jónsson,
Ó. Proppé, Pjetur Ottesen, Jón Sigurðsson, Stefán Stefánsson.

1. gr.

Verðlagsskrá sú, sem ræðir um í 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv 1919, skal sett tvisvar á ári, 1. júní og 1. desember, í fyrsta sinni 1. júní 1921, og gildir hún fyrir næsta misseri á eftir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Samkvæmt launalögunum 28. nóv. 1919 er dýrtíðaruppbót embættis- og starfsmanna ríkisins ákveðin að eins einu sinni á ári. Vísitala verðlagsskrárinnar, sem dýrtíðaruppbótin er miðuð við, hækkar og lækkar samkvæmt verðhækkun og verðlækkun á þeim vörum, sem teknar eru á verðlagsskrána. Verð á þessum vörum getur tekið miklum breytingum á heilu ári; geta breytingar þessar valdið því, að dýrtíðaruppbótin verði ekki í því hlutfalli við vöruverðið, sem launalögin að sjálfsgöðu ætlast til.

Úr þessu er nokkuð bætt með breyting þeirri, sem hjer er farið fram á. Frekari grein verður gerð við flutning málsins í deildinni.